

**Nd.**

**659. Nefndarálit**

**[59. mál]**

um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Minni hlutinn, þeir HV og JSk, hefur mælt með öðru frumvarpi um sama efni, sbr. nál. þeirra á þskj. 597.

Þetta frumvarp, sem við mælum með, kveður svo á, að á árunum 1962—1967 skuli mismunur á launum kvenna og karla hverfa í áföngum, þannig að laun kvenna hækki til móts við laun karla um  $\frac{1}{6}$  hluta launamismunarins á ári. Skal fyrsta hækkunin eiga sér stað 1. janúar 1962, en fullur launajöfnuður skal hafa náðst hinn 1. janúar 1967. Þessi regla á að gilda í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og við verzlunar- og skrifstofuvinnu, þ. e. a. s. um öll þau störf, sem algengast er að konur vinni við hlið karla. Ákvæði frumvarpsins hindra þó á engan hátt, að launþegar og atvinnurekendur semji sín á milli um það, að launamismunurinn hverfi á skemmri tíma.

Þriggja manna nefnd, launajafnaðarnefnd, á að fylgjast með því, hvar réttur til kauphækkana samkv. lögum þessum er fyrir hendi á hverjum tíma, og miða ákvæði 4. gr. frv. að því að gera nefndinni fært að inna þetta starf af höndum.

Þetta frv. á þskj. 64 kom fram í Ed. snemma á þessu þingi, en síðar kom fram frv. um sama efni á þskj. 114, flutt af Hannibal Valdimarssyni o. fl. í Nd.

Af augljósum ástæðum, sem við höfum margsinnis skýrt frá í nefndinni, vildum við ekki afgreiða frv. Hannibals Valdimarssonar o. fl., fyrr en séð yrði, hvernig færi um afgreiðslu þessa frv. á þskj. 64, sem við mælum með að verði samþykkt óbreytt.

Sjáum við því enga ástæðu til að gefa út sérstakt nál. um frumvarpið á þskj. 114.

Jón Skaftason mun skila séráliti. Einn nefndarmanna, Hannibal Valdimarsson, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 25. marz 1961.

Gísli Jónsson,  
form.

Birgir Finnsson,  
fundaskr.

Guðl. Gíslason.